

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisástsöð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1976/2006 frá 20. desember 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2204/2002, reglugerð (EB) nr. 70/2001 og reglugerð (EB) nr. 68/2001 að því er varðar framlengingu gildistíma ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001) og lið 1f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001):
„– **32006 R 1976**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1976/2006 frá 20. desember 2006 (Stjtið. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 85).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1g (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002):
„, eins og henni var breytt með:
– **32006 R 1976**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1976/2006 frá 20. desember 2006 (Stjtið. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 85).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1976/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 85.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.